

## Læknaráð

Stjórnarfundur 05.03.2021  
3.Stjórnarfundur – FUNDARGERÐ

**Dagsetning og staður:** 26.02.21 kl:14:00 – Fjarfundur á Teams

**Fundinn sátu:**

**Nefndarmenn:** Steinunn Þórðardóttir(formaður), Björn Logi Þórarinsson, Svanheiður Lóa Rafnsdóttir(ritari), Oddný Ómarsdóttir, Þórunn Jónsdóttir

Formaður, Steinunn Þórðardóttir setti fund og stýrði. Svanheiður Lóa Rafnsdóttir ritaði fundargerð.

1. **Fagráð Landspítala.** Þórunn Jónsdóttir tók að sér að vera fyrir hönd lækna í fagráði spítalans. Páll forstjóri hefur boðað til fyrsta fagráðsfund sem er næsta föstudag. Spennandi og fylgjumst með. Marta Jónsdóttir frá Hjúkrun, Jakobína Rut fyrir sjúkraliða, Ólafur Eysteinn fyrir rannsóknarhlutan, Erla Björg sálfræðingur fyrir stuðningsstéttir, Tryggvi Hjörtur fyrir bráðasvið/flæði?. Hjúkrunarfræðingar eru því með tvo aðila í fagráði á móti einum frá öðrum stéttum. Munum fylgja þessu eftir og ÞJ verður á tánum;)
  2. **Fræðslunefnd Læknaráðs – staðan nú, fyrsti almenni fundur/fræðslufundur Læknaráðs:** Bökkum með 12.mars með fyrsta fundinn. En verður þess í stað annan föstudaginn í apríl sem verður fyrsti fundur sem fræðslufundur. Svo annar föstudagurinn í maí sem málefnafundur. Stefnum á því að fræðslunefndin komi af stað til þess að sjá um þessa fundi framvegis. Stefnum áfram á tímasetningu kl:12-13.
  3. **Námsréttindi lækna vegna COVID:** Ætlum að álita um þau mál út frá faglegum sjónarmiðum. Fá til okkar Reyni eða Marí til að upplýsa okkur betur um þessi mál. Rædd mál um að verja endurmenntun og vísindi innan spítalans. Hugmynd um að fá tölur frá spítalanum um hvað farið hefur í kostnað vegna endurmenntunar lækna nú vs covid
  4. **Vinnuaðstaða lækna á nýjum Landspítala:** Steinunn hittir í næstu viku félag sjúkrahúslækna til þess að ræða þessi mál. Stefna á að taka þessi mál upp í maí á fræðslufundi.
  5. **Samskiptamál stjórnar Læknaráðs – samfélagsmiðlar:** Heimasíðan á LSH er úrelt, gömul síða. Oddný tekur að sér og ræðir við Brynhildi Pétursdóttur sem sér um vefmál LSH. Ræðum að best væri að hafa basic upplýsingar. FB workplace platformið: hér eru möguleikar og Oddný heyrir í Ásgerði Sverris hvað möguleikana varða. Stefnum á að fræðslunefndin sjá um FB workplace FB síða almenn: gömul síða með úreltum upplýsingum „læknaráð landspítala“ . Finnum admin fyrir þessa síðu. Heyrum í Reyni og athugum með aðgang. Þessi síða verður fyrir lækna, lokuð. Instagram síða komin á laggirnar, fer í loftið innan skamms. Notendanafn er laeknarad, en kemur upp sem læknaráð Landspítala. Hugsanlega verður þetta opin síða. Ræðum þema og fleira.
  6. **Framtíðar fyrirkomulag funda-staðfundir vs fjarfundir:** Hafa blandað, reyna að hittast næst. 19mars,hádegislunch kl: 12 á Nauthóll.
  7. **Önnur mál :** Fráflæðisvandi ræddur með sjúklinginn í forgangi og hann er ekki að fá þá þjónustu sem honum ber.
  8. Ekki frekari mál á dagskrá, fundi slitið kl 15.00.

